



# Skólafestna Svalbarðsstrandarhrepps

Skólafestna Svalbarðsstrandarhrepps nær til Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar, Leikskólans Álfaborgar og Grunnskólans Valsárskóla. Hver skóli markar eigin skólafestnu í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og festnu sveitarfélagsins.

## Framtíðarsýn

Í skólum Svalbarðsstrandarhrepps eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ein liðsheild og einkennist starfið af umhyggju, virðingu og gleði. Skólarnir leggja metnað í allt starf sitt og keppa að því að undirbúa nemendur sem best fyrir framtíðina.

## Nemendur

Velliðan nemenda er grunnur að árangri í skólastarfi. Skólarnir leggja áherslu á heilsueflingu sem miðar að því að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og gera þeim kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Í uppbyggingu skólastarfs þarf að gæta þess að hæfileikar hvers og eins fái notið sín og ábyrgð, metnaður og virðing einkenni leik og starf. Með því að efla líkamlegt hreysti, sjálfstraust, samskiptahæfni og víðsýni gera skólarnir nemendur færari til að vinna að jákvæðri uppbyggingu samfélagsins.

## Starfsfólk

Fjölbreytni og sveigjanleiki eru grunnur að farsælu skólastarfi. Starfsfólk skólanna þarf að hafa gott sjálfstraust, sýna frumkvæði og vinna ólík störf með jákvæðni og gleði. Daglegt starf þarf að einkennast af virðingu fyrir hverjum og einum, fagmennsku og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri. Samstarf skólanna er öflugt og áhersla lögð á samnýtingu og samvinnu.

## Heimili og skóli

Skólar í Svalbarðsstrandarhreppi leggja ríka áherslu á öflugt samstarf milli heimila og skóla. Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs. Samstarfið byggir á trúnaði, gagnkvæmri virðingu og trausti. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfi. Skólarnir skulu leggja sig fram við að styðja foreldra til samstarfs með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

## Samfélag og náttúra

Samfélag Svalbarðsstrandarhrepps einkennist af nálægð sem gefur fjölbreytt tækifæri til farsællar uppbyggingar. Skólarnir hafa metnað til að tengja saman ólíka aðila í samfélaginu og nýta fjölbreytta styrkleika íbúa og atvinnulífs. Skólarnir leggja áherslu á að efla einstaklinga sem geta skapað gott samfélag þar sem áhugi, traust og sáttfýsi einkenna samskiptin. Umhverfi og náttúra í Svalbarðsstrandarhreppi er fjölbreytt og býður upp á möguleika sem hægt er að nýta í skólastarfi og auka þannig þekkingu og virðingu á umhverfi og heimabyggð.

